



KFUM  
KFUK

# FRÉTTABRÉF

2. TÖLUBLAÐ 2023

## VATNASKÓGUR 1923–2023 SUMARBÚÐIR Í 100 ÁR





Þátttakendur í fyrsta dvalarflokknum í Vatnaskógi 1923.

# VATNASKÓGUR SUMARBÚÐIR Í 100 ÁR

Í ár fögnum við því að 100 ár eru liðin frá því að fyrsti sumarþúðaflokkur KFUM-drengja dvaldi í Vatnaskógi. Í fyrsta dvalarflokknum voru 18 þátttakendur, flestir 12–15 ára, ásamt sex leiðtogum, tveimur sem fylgdu hópnum úr Reykjavík og fjórum sem farið höfðu á undan til að undirbúa staðinn. Gist var í tjöldum, en lítill veiðiskúr sem kræktur var saman á hornunum var fenginn að láni til að hýsa eldavél.



Tómas Torfason,  
framkvæmdastjóri  
KFUM og KFUK  
á Íslandi

Upphafsárum starfsins í Vatnaskógi, ásamt aðdraganda sumarþúðastarfsins, eru gerð góð skil í glæsilegu og metnaðarfullu afmælisriti sem Skógarmenn KFUM standa að og kemur út seinna í sumar.

Sjálfur var ég níu ára þegar ég fór fyrst í Vatnaskóg árið 1976. Veturinn á undan hafði ég mætt samvisskusamlega í KFUM í Kópavogi þar sem ég fékk ýtarlega kynningu á Vatnaskógi með sögum og myndasýningum.

Staðurinn heillaði mig og man ég eftir því sem drengur að hafa lýst Vatnaskógi sem fallegasta stað á Íslandi.



Fyrstu árin var gist í tjöldum í Vatnaskógi.

Löngu síðar gerði ég mér grein fyrir því að fegurðin við Vatnaskóg, sem m.a. heillaði ungan dreng, fólst ekki aðeins í umhverfinu, heldur einnig í því starfi sem þar fer fram, þeirri menningu sem þar ríkir og þeim boðskap sem þar fær að hljóma.

Hundrað árum eftir að fyrsti flokkurinn dvaldi í Vatnaskógi njóta þúsundir íslenskra barna og ungmenna starfsins og aðstöðunnar í Vatnaskógi á hverju ári.

Með þakklæti hugsa ég til brautryðjendanna sem hófu þessa vegferð og gáfu tóninn fyrir 100 árum.

Til hamingu, Skógarmenn – Áfram að markinu!

## VILTU LEGGJA STARFI KFUM OG KFUK LIÐ?

Hægt er að leggja félaginu lið með ýmsum hætti. Þú getur haft samband með því að senda póst á [skrifstofa@kfum.is](mailto:skrifstofa@kfum.is) og við finnum verkefni sem þarf að vinna og hentar þér. Einnig má leggja fjármálunum lið með því að leggja inn á viðeigandi reikning hér að neðan.

### KFUM og KFUK á Íslandi

kt. 690169-0889

Rekstrarsjóður 525-26-678899

### Vatnaskógur kt. 521182-0169

Rekstrarsjóður 11-26-10616

Nýbygging 117-05-189120

Kapellusjóður 101-05-192975

### Vindáshlíð kt. 590379-0429

Rekstrarsjóður 515-26-163800

### Ölver kt. 540580-0149

Rekstrarsjóður 552-26-422

Sveinúsóður 552-14-11000

### Hólavatn kt. 510178-1659

Rekstrarsjóður 565-26-30525

### Kaldársel kt. 480883-0209

Rekstrarsjóður 545-26-9111

Framkvæmdasjóður 515-14-404800

### KFUM og KFUK á Suðurnesjum

kt. 650681-0379

Rekstrarsjóður 121-26-3385

### KFUM og KFUK á Akureyri

kt. 690169-3049

Rekstrarsjóður 302-26-50031

### Leikskóli KFUM og KFUK

kt. 590176-0369

Rekstrarsjóður 525-26-3734



### FRÉTTABRÉF KFUM OG KFUK 2. tbl. 2023.

Útgefandi: KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28, 104 Reykjavík. Sími 588 8899.

Ábyrgðarmaður: Tómas Torfason. Prentun: Svansprent. Ljósmyndir í blaðinu eru flestar teknar af starfsfólki og félagsfólki KFUM og KFUK.

Félagið þakkar þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg við útgáfu þessa blaðs.





## LÖG UNGAFÓLKSINS II

Þann 27. apríl sl. var haldin almenn söngsamkoma í umsjón hópsins sem stóð að Lögum unga fólksins vorið 2022. Á þéttsetinni samkomunni tók salurinn undir fjölmörg sönglög og kóra sem hljómuðu í félaginu á seinni hluta síðustu aldar.



## STAFRÆNN KYNNINGARFULLTRÚÍ

Í febrúar sl. kom Nathalia Imelda til liðs við starfsmannateymi félagsins. Hún starfar sem stafrænn kynningarfulltrúi í 30% starfi.

Tók hún við umsjón með heimasíðu

félagsins af Halldóri Elíasi Guðmundssyni sem sinnt hafði því starfi í mörg ár, en hann sagði starfi sínu lausu um síðustu áramót.

Samskipti og kynningarmál hafa verið að færast meira og meira yfir í hið stafræna umhverfi á liðnum árum.

Er það meðal verkefna Nathaliu að leiða og leiðbeina sjálfboðaliðum og starfsfólki á þeirri vegferð, annast gerð kynningarefnis o.fl.

Við bjóðum Nathaliu velkomna til starfa.



Nathalia Imelda



Björgvin Þórðarson upplýsti fundarmenn hvernig verkefnið Jól í skólkassa gekk fyrir sig á liðnu starfsári.

## GÓÐUR AÐALFUNDUR KFUM OG KFUK

Aðalfundur KFUM og KFUK á Íslandi fór fram 15. apríl sl. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir hafði upphafsorð. Ingibjartur Jónsson var fundarstjóri og fundarritarar voru þau Ingi Bogi Bogason og Andrea Anna Arnardóttir. Góð mæting var á fundinn. Hefðbundin aðalfundarstörf gengu vel fyrir sig.



Stefán Jónsson þakkar fráfarandi stjórnarfólki fyrir. Frá vinstri: Stefán Jónsson, Berglind Ósk Einarsdóttir, Telma Ýr Birgisdóttir og Ómar Þ. Kristinsson.



## FRAMKVÆMDIR Í VINDÁSHLIÐ

Miklar framkvæmdir standa nú yfir í Vindáshlíð. Vegna rakaskemmda hófst vinna við að endurbyggja útveggina á austurhlíð aðalskálans um vorið 2022. Kom þá í ljós að skemmdirnar ná víðar og er því vinna hafin við að endurbyggja framhlíð skálans. Áhersla verður lögð á að þessar framkvæmdir breyti ekki ásýnd Vindáshlíðar. Miklar framkvæmdir hafa einnig átt sér stað í Hallgrímskirkju. Þá er á dagskrá að lagfæra ípróttahúsið og bæta aðstöðuna þar.





Æskulýðsmótið Friðrik er vinsælt hjá þátttakendum í unglिंगadeildum félagsins.

# GÓÐUR VETUR AÐ BAKI Í ÆSKULÝÐSSTARFINU

Æskulýðsstarf vetrarins, með vikulegum samverum fyrir börn og unglinga ásamt vönduðum viðburðum fyrir sama aldurshóp, gekk mjög vel. Starfað var í 32 deildum á 15 stöðum, í góðu samstarfi við sóknir Þjóðkirkjunnar á viðkomandi stað.

Viðburðirnir í starfinu er einnig mjög vinsælir. Á haustmisseri var staðið fyrir haustferð yngri deilda (9-12 ára). Í beinu framhaldi var árlegt miðnæturmót unglinga þar sem 130 ungmenni komu saman í Vatnaskógi. Á vormisseri var Æskulýðsmótið Friðrik á sínum stað. Það er fyrir unglिंगadeildirnar og nýtur alltaf jafn mikilla vinsælda. Vorferð yngri deilda var einnig farin í Vatnaskóg.

Núna var gíst í tvær nætur og mæeltist það vel fyrir. Í þessa viðburði, sem allir voru haldnir í Vatnaskógi, mættu 100-150 börn og ungmenni.

Vetrarferð til Akureyrar hefur einnig fest sig í sessi. Hún er ætluð 16 ára og eldri og því haldin í samstarfi við KSS og KSF. Átján þátttakendur lögðu leið sína norður að þessu sinni.

Leiðtogum og öðrum sem lagt hafa æskulýðsstarfinu lið í vetur eru færðar þakkir.



Kvöldvaka í vorferð yngri deilda.



Ball á Friðriksmótinu.



Vetrarferð / skíðaferð til Akureyrar fyrir 16 ára og eldri er orðinn fastur liður í starfinu.







Nýr matskáli í Vatnaskógi verður 433 fm.

## NÝR MATSKÁLI Í VATNSKÓGI

# „ALLT TILBÚIÐ TIL AÐ BYRJA AÐ BYGGJA“

Skóflustunga að nýjum matskála í Vatnaskógi var tekin af Ásmundi Einari Daðasyni mennta- og barnamálaráðherra þann 17. ágúst sl. Í kjölfarið var farið í undirbúningsframkvæmdir þar sem meðal annars lagnir voru færðar og jarðvegur gerður klár. En frá því í október hefur lítið gerst. Við spurðum Ársæll Aðalbergsson framkvæmdastjóra Vatnaskógar hvað ylli þessum tögum.



Þessi mynd sýnir vel hvar nýi matskálinn mun rísa.



Ársæll Aðalbergsson framkvæmdastjóri Vatnaskógar. Myndin var tekin er fyrsta skóflustungan var tekin að nýjum matskála 17. ágúst 2022

„Við bíðum spenntir eftir grænu ljósi frá byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar. Það ferli hefur allt tekið mun lengri tíma en við áttum von á og lengri tíma en við höfum áður kynnst. Það kemur okkur verulega á óvart, enda verður húsið ekki ólíkt Birkiskála þ.e. timburhús á einni hæð. Þessar tafir eru auðvitað að valda okkur verulegum óþægindum og hækkan byggingarkostnaðar. En við trúum því að þetta fari að bresta á, enda allt tilbúið til að byrja að byggja“ - sagði Ársæll að lokum.



## BRUGÐIÐ Á LEIK

Margt var um manninn er starfsfólk Vatnaskógar fyrr og nú kom saman á Holtavegi 28 þann 17. maí sl. Tilefnið var að sjálfsögðu að 100 ár eru frá því að fyrsti dvalarflokkurinn var í Vatnaskógi. Vitaskuld var brugðið á leik í anda sumarbúðanna.

# SJÁLFBODALIÐAR Í 16 FORMLEGUM STJÓRNUM Á VEGUM KFUM OG KFUK

Á hverju ári manna öflugir sjálfbodaliðar 91 stöðu í 16 stjórnnum á vegum KFUM og KFUK. Þá eru þau ótalin sem sinna fjölþættum nefndarstörfum. Stjórnirnar bera ábyrgð á ólíkum starfseiningum og verkefnum. Stjórnir innan KFUM og KFUK á starfsárinu 2023-2024 eru þannig skipaðar:



Stefán Jónsson

## KFUM og KFUK á Íslandi

Stefán Jónsson, formaður  
Arna Ingólfssdóttir, varaformaður  
Hilmar Jónsson, ritari  
Sigurður Erlingsson, gjaldkeri  
Gunnar M. Sandholt, meðstjórnandi  
Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, meðstjórnandi.  
Klara Valdís Þórhallsdóttir, meðstjórnandi  
Margrét BW Waage Reynisdóttir, meðstjórnandi  
Gunnar Þór Pétursson, varamaður  
Jessica Leigh Andrésdóttir, varamaður



Aldís Þóra Haraldsdóttir

## KFUM og KFUK Akureyri

Aldís Þóra Haraldsdóttir, formaður  
Ólafur Björgvin Jónsson, ritari  
Guðmundur Ómar Guðmundsson, gjaldkeri  
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, varamaður



Guðmundur Örn Jónsson

## KFUM og KFUK Vestmannaeyjum

Guðmundur Örn Jónsson, formaður  
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari  
Gísli Stefánsson, gjaldkeri  
Brynja Rut Halldórsdóttir, meðstjórnandi  
Snorri Rúnarsson, meðstjórnandi



Sigurbjört Kristjánsdóttir

## KFUM og KFUK Suðurnes

Sigurbjört Kristjánsdóttir, formaður  
Þóra Jenný Benónýsdóttir, ritari  
Sveinn Valdimarsson, gjaldkeri  
Erla Guðmundsdóttir, meðstjórnandi  
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, meðstjórnandi  
Erla Guðmundsdóttir, varamaður



Birgir Urbancic Ásgeirsson

## Vinagarður

### leikskóli KFUM og KFUK

Birgir Urbancic Ásgeirsson, formaður  
Bára Sigurjónsdóttir, ritari  
Jóhanna Klara Stefánsdóttir, gjaldkeri  
Berglind Ósk Einarsdóttir, fulltr. M&K  
Sara Sigurðardóttir, fulltrúi foreldra  
Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir, varamaður  
Áslaug Dóra Einarsdóttir, varamaður



Ólafur Sverrisson

## Vatnaskógur

Ólafur Sverrisson, formaður  
Jón Ómar Gunnarsson, varaformaður  
Hreinn Pálsson, ritari  
Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltr. M&K  
Ögmundur Ísak Ögmundsson, vararitari  
Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi  
Gunnar Hrafn Sveinsson, meðstjórnandi  
Tinna Dögg Birgisdóttir, varamaður  
Matthías Guðmundsson, varamaður og varagjaldkeri



Dagný Dögg Sigurðardóttir

## Vindáshlíð

Dagný Dögg Sigurðardóttir, formaður  
Ásgeir Pétursson, varaformaður  
Alfa Kristjánsdóttir, ritari  
Styrmir Magnússon, gjaldkeri  
Andrea Anna Arnardóttir, vararitari  
Helga Magnúsdóttir, varagjaldk. og styrkjafulltr.  
Elísa Sif Hermannsdóttir, kynningafulltrúi  
Hulda Guðlaugsdóttir, varamaður  
Tinna Rós Steinsdóttir, varamaður



Erna Björk Harðardóttir

## Ölver

Erna Björk Harðardóttir, formaður  
Erla Björg Káradóttir, varaformaður  
Aníta Eir Einarsdóttir, ritari  
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, gjaldkeri  
Hrafnhildur Garðarsdóttir, meðstjórnandi  
Kristrún Guðmundsdóttir, vararitari  
Hafsteinn Kjartansson, varamaður



Sigurður Helgi Pálmason

## Kaldársel

Sigurður Helgi Pálmason, formaður  
Jóna Þórdís Eggertsdóttir, ritari  
Sveinn Elliði Björnsson, gjaldkeri  
Heiðar Feykir Tómasson, meðstjórnandi  
Kristmann J. Ágústsson, meðstjórnandi  
Guðni Nathan Gunnarsson, varamaður  
Davíð Örn Ingason, varamaður



Þórður Daníelsson

## Hólavatn

Þórður Daníelsson, formaður  
Tinna Hermannsdóttir, ritari  
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, gjaldkeri  
Daníel Orri Helgason, meðstjórnandi  
Valborg Rut Geirsdóttir, meðstjórnandi  
Elísabet Eik Jóhannsdóttir, varamaður  
Davíð Guðmundsson, varamaður



Bára Sigurjónsdóttir

## Basar KFUK

Bára Sigurjónsdóttir, formaður  
Berglind Ósk Einarsdóttir, ritari  
Anna Elísa Gunnarsdóttir, gjaldkeri  
Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir, meðstjórnandi



Björgvin Þórðarson

## Jól í skókassa

Björgvin Þórðarson, formaður  
Hreinn Pálsson, ritari  
Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri  
Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi  
Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi



Páll Skaftason

## Karlakór KFUM

Páll Skaftason, formaður  
Stefán Sandholt, ritari  
Helgi Gíslason, gjaldkeri



Herdís Ástráðsdóttir

## Ljósprot - kvennakór KFUK

Herdís Ástráðsdóttir, formaður  
Alfa Kristjánsdóttir, ritari  
Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri



Pétur Ásgeirsson

## Sportfélag KFUM og KFUK

Pétur Ásgeirsson, formaður  
Anna Magnúsdóttir, ritari  
Guðrún Nína Petersen, gjaldkeri



Helgi Gíslason

## Vinasetrið Kaldárseli

Helgi Gíslason, formaður  
Arnór Heiðarsson  
Guðni Nathan Gunnarsson  
Jóna Þórdís Eggertsdóttir





VINDÁSHLÍÐ:

# PÁSKAFLOKKUR OG PÁSKAFJÖR

Í dymbilvikunni mættu 42 hressar stelpur í Vindáshlíð í páskaflökk. Heppnaðist hann vel í alla staði. Stelpurnar fóru m.a. í páskaeggjaleit, Amazing Race -ratleik og brennó. Svo voru auðvitað kvöldvöknar á sínum stað þar sem þær sungu og hlógu mikið. Eftir veislukvöldvökuna héldu stelpurnar að þær væru að fara að sofa, en þá komu foringjarnir stelpunum á óvart með náttfatapartýi. Þær dönsuðu uppi á borðum, fengu að sjá ýmis skemmtiatriði frá foringjum og að lokum fengu þær ís. Mikil gleði og fjör ríkti í flokknum og hlökkum við mikið til að halda páskaflökkinn aftur í Vindáshlíð að ári liðnu.

## Páskafjör

Páskafjör Vindáshlíðar var haldið í fyrsta skipti síðastliðinn pálmásunnudag. Dagskráin hófst með páskabingói í kvöldvökusalnum og voru glæsilegir vinningar í boði fyrir heppna vinningshafa. Eftir skemmtilegt bingó var boðið upp á pylsur og súkkulaðiköku áður en haldið var út í páskaeggjaratleik. Markmið ratleiksins var að læra betur um páskahátíðina og að finna páskakanínuna til að fá súkkulaðiegg. Nánast allir náðu að klára ratleikinn og finna kanínuna sem faldi sig í kirkjunni okkar. Kanínan var líka búin að fela súkkulaðiegg úti um allan skóg þannig að allir fengu nokkur egg með sér heim.



VATNASKÓGUR:

# VEGLEGT RIT Í TILEFNI AF 100 ÁRA AFMÆLIS VATNASKÓGAR

Í tilefni af 100 ára afmæli Vatnaskógar stendur stjórn Skógarmanna fyrir metnaðarfullri útgáfu á glæsilegri og vandaðri afmælisbók þar sem saga starfsins í Vatnaskógi er rakin í máli og myndum.

Gunnar Jóhannes Gunnarsson er ritstjóri bókarinnar, en með honum í ritnefnd eru Ársæll Aðalbergsson, Guðmundur Guðmundsson, Jón Ómar Gunnarsson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Þórarinn Björnsson.

Aðspurður segir Gunnar að bókin verði á bilinu 250 til 280 blaðsíður í stóru broti, þ.e. 24,5 cm x 24,5 cm. Henni er skipt upp í fimm kafla. Fyrsti kaflinn er reyndar nokkurs konar



Gunnar J. Gunnarsson er ritstjóri bókarinnar.

inngangur í bókina en síðan kemur kafli sem rekur aðdraganda og upphaf starfsins í Vatnaskógi. Í næsta kafla er svo sagt frá stofnun Skógarmannaflokksins og Skálasjóðs og meðal annars því mikla átaki, á árum seinni heimsstyrjaldarinnar, að reisa skálann í Lindarrjóðri sem nú er nefndur Gamli skáli. Síðan er sagan rakin áfram í fjórða kafla frá 50 ára afmæli starfsins fram til aldamóta og loks er lokakafli sem greinir frá starfinu allt til dagsins í dag.

Ljósmyndir fá mikið vægi í bókinni og eru rúmlega hamingur efnis í henni, enda mikið myndefni til frá ýmsum tímum og unnt er


að gera sögunni góð skil með myndum. Auk meginmáls og mynda verða í bókinni fjöldi rammagreina með minningabrotum, frásögnum og efni til dýpkunar. Markmiðið er að draga upp fjölbreytta mynd af því hvernig þetta merkilega starf hófst og hvernig það hefur þróast í heila öld. Saga starfsins í Vatnaskógi er stórmerkileg og í rauninni er magnað að sjá þann hugsjónaeld sem hefur knúið ótal sjálfbóðaliða úr röðum Skógarmanna áfram í árunna rás og gerir enn með það að markmiði að byggja upp fyrirtaks aðstæður fyrir kristilegt æskulýðsstarf.

Þegar þetta er ritað í byrjun maí er verið að leggja lokahönd á verkefnið.

Gunnar segir samstarfið innan ritnefndar hafa verið mjög gott enda saman stendur hún af mönnum sem hafa mikla reynslu af starfinu í Vatnaskógi og þekkjá vel til. Verkefnið hófst fyrir rúmum tveimur árum. Í byrjun þurfti að móta efnistöð og áherslur í bókinni og

leita uppi og vinna úr miklum fjölda margs konar heimilda. Ritnefndin skipti fljótlega með sér verkum við að afla fanga og skrifa kafla bókarinnar, auk þess sem Þórarinn Björnsson hafði yfirumsjón með vali mynda í samráði við ritstjóra og höfunda einstakra kafla. Þetta hefur verið mikil vinna, ekki síst að velja myndir og skrifa góða myndatexta sem setja þær í samhengi. Einnig var ákveðið að tiltill bókarinnar „Hér á ég heima“ og einstök kaflaheiti yrðu sótt í þann mikla fjársjóð fjörmikilla söngva sem Skógarmenn eiga og séra Friðrik Friðriksson, séra Magnús Runólfsson, Bjarni Eyjólfsson og fleiri hafa ort.

Nú er verið að brjóta bókina um og er stefnt að því að hún komi út í júní. Nú þegar er búið að selja yfir 500 eintök í forsölu. Enn er tækifæri að tryggja sér eintak fyrirfram, en þegar hún kemur út verður hún til sölu á skrifstofu KFUM og KFUK.







## BROT ÚR KAFLANUM GRUNNUR LAGÐUR

Fram kemur í fundargerð stjórnarfundar frá því í maí 1939 að á fundi með Knud Zimsen hafði hann getað upplýst að leyfisbréfið fyrir hektara lands, sem Skógarmönnum hafði verið úthlutað í Lindarrjóðri, væri komið í leitirnar, en það hafði ekki fundist í förum KFUM eða séra Friðriks. Jafnframt kemur fram að Knud Zimsen þótti vera of lítið í Skálasjóði og hvatti hann til frekari fjáröflunar með það fyrir augum að byrja á grunninum þá um haustið. Stjórn Skógarmanna samþykkti því að vinna bráðan bug að því að fá teikninguna að skálanum, sem þá var í vörslu Knud Zimsen, og senda hana norður til Sigurðar Guðjónssonar til að hann léti teikna hana til fullnustu. Jafnframt var ákveðið að fá Filippus Guðmundsson múrarameistara til að annast byggingu grunnsins og Ingvar Árnason, steinsmið og verkstjóra hjá Reykjavíkurborg, sem verkstjóra við uppgröftinn. Á stjórnarfund

12. júní var svo lögð fram teikning að skálanum til endanlegrar athugunar áður en gengið yrði frá henni. Þar voru meðal annars ræddar og samþykktar tillögur frá Knud Zimsen um að miðhluti skálans yrði breiðari en áætlað var til að rúma skápa fyrir skófátnað og fleira og jafnframt að stækka kjallarann og koma þar fyrir bænaherbergi meðal annars. Síðar í mánuðinum lá svo endanleg teikning fyrir og er hún dagsett 23. júní 1939 undirrituð af Sigurði Guðmanni Sigurðssyni.

Þegar hér var komið sögu var búið að festa kaup á mótatímbrí og einhverju af sementi. Haraldur Böðvarsson, kaupmaður á Akranesi, hafði auk þess gefið Skógarmönnum 35 tonn af sementi til verksins til viðbótar við það sem Skógarmenn höfðu þegar keypt. Hópur sjálfbóðaliða hélt í Skóginn í byrjun

ágúst 1939 til að grafa fyrir grunninum og tók formaðurinn, Ástráður Sigursteindórsson, fyrstu skóflustunguna þann 5. ágúst. Ekki var um að ræða stórvirkar vinnuvélar til verksins á þessum árum þannig að grunnurinn var grafinn með handafli. Síðan var slegið upp mótum og steypan hrærð á brettum. Unnið var daglangt dögum saman. Ekki gekk þó allt snurðulaust fyrir sig og kláraðist sementið þegar það fór að sjá fyrir endann á verkinu. Því var allt lítil fyrir að ekki tækist að ljúka steypuvinnunni. Ástráður Sigursteindórsson fór þá til fundar við Harald Böðvarsson til að leita ráða hjá honum. Haraldur tókst að útvega sement frá Reykjavík og var því unnt að ljúka vinnu við grunn skálans. Það voru því glaðir Skógarmenn sem gengu frá öllu fyrir veturinn í Lindarrjóðri og héldu heim í byrjun september, eða rétt í þann mund sem seinni heimsstyrjöldin skall á í Evrópu.



## VATNASKÓGUR:

# SÆLURDAGAR OG 100 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ

Viðtal við Ögmund Ísak verkefnastjóra Sæludaga

Sæludagar í Vatnaskógi um verslunarmannahelgina verða í ár umgjörð 100 ára afmælishátíðar. Fréttabréfið hafði samband við Ögmund Ísak Ögmundsson, sem er verkefnastjóri hátíðarinnar.

### Hvert er hlutverk þitt sem verkefnastjóri hátíðarinnar?

Hlutverk mitt sem verkefnastjóri Sæludaga er margþætt, en þegar öllu er á botninn hvolft þá er ég með alla þræði í hendi mér sem tengjast skipulagningu hátíðarinnar. Meðal verkefna er að setja saman dagskrá, bóka skemmtikrafta, undirbúa staðinn og sjá um kynningarmál. Eitt af stærri verkefnum þeirra sem halda utan um Sæludaga er að finna starfsfólk og sjálfboðaliða, við í KFUM og KFUK á Íslandi og Vatnaskógi búum svo vel að eiga að fullt af frábæru fólki sem er tilbúið að leggja sitt af mörkum á þessari stærstu ferðahelgi ársins og það er ómetanlegt. Án þeirra væru engir Sæludagar.

### Hvenær hófst undirbúningur Sæludaga í ár?

Það má segja að undirbúningur fyrir hátíðina hafi farið af stað í höfðinu á mér fyrir fjórum árum síðan þegar ég verkefnastýrði mínum fyrstu Sæludögum 2019. Þá var ég strax



Ögmundur Ísak Ögmundsson verkefnastjóri Sæludaga í Vatnaskógi um verslunarmannahelgina.

staðráðinn í því að taka þátt í Sæludögum 2023 og þeirri afmælishátíð sem yrði haldin. Nú í haust fékk ég til liðs við mig frábæra einstaklinga sem sitja með mér í undirbúningsnefnd. Verð ég að nefna reynsluboltana Valborgu Rut og Ársæl Aðalbergsson sem eru mér til halds og trausts, en við höfum keyrt undirbúningin áfram ásamt öðrum öflugum einstaklingum sem hafa lagt mikið af mörkum til að koma þessari hátíð saman. Undirbúningurinn gengur frábærlega og við getum ekki beðið eftir að taka á móti gestum Sæludaga um verslunarmannahelgina.

### Við hverju mega gestir Sæludaga búast í ár?

Gestir Sæludaga mega búast við stanslausri gleði og veislu í fjóra daga um verslunarmannahelgina. Í ár tölðum við öllu til og bjóðum upp á veglega dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, jafnt yngri sem eldri fjölskyldumeðlimir. Dagskráin er að mestu leyti með sama sniði og fyrri ár, en þó munu gestir sjá einhverjar breytingar. Eitt af því sem verður frábrugðið hefðbundnum Sæludögum er að á hverju kvöldi munu koma fram þekktir listamenn þar sem öllu verður tjaldað til. Á sunnudeginum fögnum við svo þeim merku tímamótum sem 100 ára afmælið er með sérstakri afmælisdagskrá og sú dagskrá nær hápunkti á hátíðarkvöldvöku. Það er því ríkt tilefni að hvetja fólk til þess að fylgjast með Sæludögum á Facebook og nálgast frekari upplýsingar þar.

### Fyrir hverja eru Sæludagar?

Svarið við því er einfalt. Sæludagar eru fyrir alla! Okkar markið er að bjóða fólk velkomið, bæði úr félaginu okkar og svo þá sem vilja velja þennan frábæra fjölskylduvæna valkost um verslunarmannahelgina.





Í tilefni 100 ára afmæli sumarþúðanna í Vatnaskógi verður boðið uppá veglega afmælis dagskrá á *Sæludögum* um verslunarmannahelgina.

**Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna.**

## Afmælis dagskrá

- 🕒 Gunni og Felix syngja og dansa og djidda og allir mega vera með!
- 🕒 Sérstök Hátíðarkvöldvaka Vatnaskógar
- 🕒 Grillveisla og gleði
- 🕒 Ávörp, tónlist, skemmtiatriði
- 🕒 Afmælis kaka í boði fyrir alla
- 🕒 Varðeldur og brekkusöngur

**Dagskráin hefst 16:00 sunnudaginn 6. ágúst**

**Vatnaskógur sumarþúðir í 100 ár - Áfram að markinu!**



## VORFERÐ AD KFUM OG KFUK

Dagskrá AD KFUM og KFUK lauk fimmtudaginn 4. maí með vorferð. Haldið var til Krýsuvíkurkirkju, sem endurreist var fyrir fáeinum árum eftir að hún brann til kaldra kola. Síðan lá leiðin til Grindavíkur þar sem rúmlega 30 þátttakendur í ferðinni nutu góðs kvöldverðar í Salthúsinu. Á bakleiðinni til Reykjavíkur var komið við í Kálfatjarnarkirkju þar sem séra Bolli Pétur Bollason tók á móti hópnum og annaðist helgistund. Myndin sýnir þátttakendur ganga til Krýsuvíkurkirkju.



## KAFFISALA ÖLVERS

Kaffisala Ölvers verður haldin  
sunnudaginn 20. ágúst  
kl. 14:00–18:00.

Gestum gefst tækifæri á að kynna sér  
staðinn.

Allir hjartanlega velkomnir.



## KAFFISALA HÓLAVATNS

Árleg kaffisala Hólavatns  
fer fram sunnudaginn 20. ágúst  
kl. 14:30–17:00.

**Öll velkomin!**





Bryndís Róbertsdóttir, Ólóf Hjartardóttir, Birna Ósk Helgadóttir, Hildur Elfa Björnsdóttir og Ásta Þorbjörnsdóttir

## KONUKVÖLD VINDÁSHLÍÐAR

Hlíðarmeyjar í samstarfi við AD KFUK héldu í fyrsta skipti konukvöld Vindáshlíðar þann 9. mars síðastliðinn. Veislustjórar voru Ásta Guðrún Guðmundsdóttir og Elísa Sif Hermannsdóttir.

Dagný Dögg Sigurðardóttir, formaður stjórnar Vindáshlíðar, byrjaði kvöldið með upphafsorðum og bæn. Systurnar Andrea Anna og Thelma Rós Arnardætur sömdu nýjan texta við lagið Þar sem hjartað slær sem þær tileinkuðu konukvöldinu. Báru Sigurjónsdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir og Kristín Sverrisdóttir deildu fallegum minningum úr Vindáshlíð. Stórsöngvararnir Bryndís Mjöll Schram Reed og Cesar Alonzo Barrera sungu nokkur falleg lög undir stjórn Keith Reed. Það fóru ekki margar konur tómhentar heim enda voru yfir þrjátíu veglegir vinningar í happdrættinu.

Sólrún Ásta Steinsdóttir setti saman dýrindis matseðil og stjórnaði eldhúsinu. Í forrétt var villisveppasúpa og heimabakað focaccia brauð. Í aðalrétt var lamb í hunangspistasíuhjúp og að lokum var boðið upp á franska súkkulaðiköku með berjum og rjóma. Með Sólrúnu Ástu í eldhúsinu voru þær Bína Hrönn Hjaltadóttir, Karen Sól Halldórsdóttir, Kristjana Guðbjartsdóttir, Telma Ívarsdóttir og Þorbjörg Skúladóttir, sem sáu líka um að þjóna til borðs. Ljósmyndari var Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir. Við þökkum þeim kærlega fyrir sína vinnu, gleði og dugnað.

Konukvöldið heppnaðist vel í alla staði og fjármunir söfnuðust til uppbyggingar í Vindáshlíð. Við þökkum konum Vindáshlíðar kærlega fyrir skemmtilega og fallega kvöldstund.



Sigrún Guðjónsdóttir og Addbjörg Erna Grímsdóttir



Ásta Guðrún Guðmundsdóttir og Ingibjörg Tómasdóttir



Kristín Sverrisdóttir og Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir



Hanna Sigurðardóttir, Hulda Guðlaugsdóttir og Þórunn Guðlaugsdóttir.



Gerður Rós Ásgeirsdóttir, Margrét Jakobsdóttir og Dagný Dögg Sigurðardóttir formaður stjórnar Hlíðarmeyja.



Þorbjörg Skúladóttir og Sólrún Ásta Steinsdóttir önnuðust mat og veitingar kvöldsins.



Sigríður Helga Einarsdóttir, Kristín Axelsdóttir og Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir.

# SUMARGLEÐI VINDÁSHLÍÐAR

## KAFFISALA

VERÐ: 3000 KR  
0-5 ÁRA: ÓKEYPIS  
HÁMARK 10.000 KR Á FJÖLSKYLDU

SUNNUDAGINN 4. JÚNÍ  
14:00-17:00



HÆGT VERÐUR AÐ GÆÐA SÉR Á  
LJÚFFENGUM VEITINGUM OG STYRKJA  
STARFSEMINA Á SAMA TÍMA.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ SEM FLEST!



# HUGVEKJA:

## Pétur Ragnhildarson, prestur í Fella- og Hólakirkju

*Þér eruð salt jarðar. Ef saltið dofnar, með hverju á að selta það? Það er þá til einskis nýtt, menn fleygja því og troða undir fótum.*

- Matt 5. 13.

Salt hefur sannarlega gegnt mikilvægu hlutverki í gegnum tíðina. Egyptar notuðu það til að varðveita múmíur sínar, hinir fornu Hebrear notuðu það við fórnir og helgiathafnir, salt var notað til að geyma mat, til að græða sár í lækningarskyni, það var notað sem gjaldmiðill og fleira. Í mannkynssögunni hafa fleiri stríð verið háð vegna salts en gulls. Salt gegnir jafnframt mikilvægu hlutverki í matargerð til að gæða matinn bragði. Það átti enn betur við á fyrri tíð þegar ekki var úr eins miklu og fjölbreyttu hráefni að velja í matargerð og í dag. Salt hefur því ávalt gegnt mikilvægu hlutverki og það þekkti fólk sem hlýddi á Jesú þegar hann flutti fjallræðuna, þar sem hann mælti þessi orð.

Við á Íslandi á 21. öldinni þekkjum ekki að vera með salt sem dofnar. Hins vegar í löndum þar sem er mikill hiti, dag eftir dag, geta myndast aðstæður þar sem önnur efni komast í saltið og þá dofnar það, missir seltuna. Á tímum Jesú var bragðlaust salt einskis virði, það var ekki notað og því var hent.

En hvað á Jesús við þegar hann segir okkur að við séum salt jarðar? Saltið hefur áhrif á bragðlaukana, það gerir gott betra og forðar matvælum frá skemmdum, saltið hefur þannig áhrif á bragð og gæði. Með dæmisögunni er Jesús að líkja okkur, fylgjendum sínum, við salt sem hefur áhrif á líf annarra, þar sem við, með orðum okkar og verkum getum haft áhrif til góðs á samferðafólk okkar. Við eigum að keppa eftir að vera eins og salt sem kryddar tilveruna. Þá erum við farvegur fyrir kærleika Krists. Þannig gegnum við mikilvægu hlutverki fyrir annað fólk og verðum besta útgáfan af sjálfum okkur.

Félagið okkar, KFUM og KFUK, hefur í gegnum árin haft áhrif á þúsundir Íslendinga. Það má því segja að félagið og öll þau sem hafa komið að starfi þess hafi sannarlega verið salt jarðar og gert samfélagið okkar að betri stað. Orð Jesú eru hvatning til okkar að halda því starfi áfram og vera trú köllun okkar sem er að miðla kærleika Jesú til fólks, að þjóna náunganum í gleði og kærleika.

**Þér eruð salt jarðar. Ef saltið dofnar, með hverju á að selta það? Það er þá til einskis nýtt, menn fleygja því og troða undir fótum.**

- Matt. 5,13



# 2023 SÆLUDAGAR í Vatnaskógi



## Tímamótahátíð um verslunarmannahelgina



**Stútfull dagskrá**  
fyrir alla fjölskylduna!

Miðasala á [klik.is](http://klik.is) nánari upplýsingar á facebooksíðu Sæludaga